Steingrímur Jónsson.

Rv. 1847.

RÆÐUR,

HALDNAR VIÐ ÚTFÖR

STEINGRÍMS biskups JÓNSSONAR

af

H. G. THORDERSEN

biskupi og R. af D.

útgefnar

að tilhlutan og á kostnað ekkjunnar.



REYKJAVÍK.

Prentaðar í prentsmiðju landsins, af H. Helgasyni,

1847.

FORMÁLI.

Þareð viðkomendur óttast fyrir að dráttur kunni að verða á prentun þeirrar lífssögu biskups Steingríms Jónssonar, sem þeir hafa falið á hendur herra *Candid:* og alþíngismanni Jóni Sigurðssyni að semja — því allir vita hvað mikið annríki sá maður hefur — þykir til hlýða, að gefa nú strax út á prent þær ræður, sem haldnar voru við útför þess framliðna höfðíngja; í hverjum, og einkum þeirri sem haldin var í dómkirkjunni, drepið er á hans æfisögu helztu atriði. Þetta er einna helzt þessvegna gjört, að margir landsmenn vorir hafa spurt eptir æfisögu biskups Steingríms og óskað að eignast hana, eins og þeir einmiðt með því að eignast hana og lesa, vildu varðveita hjá sjer því leingur hans minníngu, þareð ekki var kostur á að njóta leingur hans návista, nema með hugsaninni, hvers lánga æfi hafði verið öllum svo elskuleg og uppbyggileg, og með hverri hann aflaði sjer þeirrar ástsældar, sem mun vera dæma-fá.

Til þess að svo fallegri ósk landsmanna verði sem fyrst, eptir sem faung eru á, fullnægt, koma nú á prent áminnstar ræður. Sú dagbók, sem biskupinn sál. hjelt frá únga aldri — því í þessu var hann sami reglumaður sem í öllu öðru — er í höndum þess manns, sem falið er að semja fyllri minníngu biskupsins sál. hvar til hann hvorki skortir þekkíngu nje góðvilja, eins og allir vita, nje nauðsýnleg tilfaung. Þángað til það verk kemur út, verðið þjer kæru landar, að láta yður þessar ræður duga, og mun ekki fyrir yður dyljast hversu snildarlega þær eru samdar.

Að svo fyrir mæltu er þess einúngis hjer að geta, að útför biskupsins sál. St. Jónssonar framfór þann 24. Jún. 1845, og vildi þá til bliðasta veður; eingum var boðið að vera við útförina; en mikill fjöldi kom óbeðinn og nokkrir úr fjærlægum sveitum; þar voru viðstaddir allir nálægir embættismenn. Geta má þess og þakklátlega, að Frú Kammerherrinna Hoppe tilbjó sjálf blómstur-krans, til að leggja á líkkistuna. En þótt margir kæmu til að vera við útförina, mundu þó fleiri hafa komið, ef daginn hefðu vitað, hvar um eingin auglýsing út gekk, eða gat útgeingið. Útförin framfór líka nokkrum dögum áður enn í fyrstu var til ætlað, vegna þess að þeir frönsku hermenn, sem um þá daga lágu þremur herskipum á Reykjavíkur höfn, vildu sýna þeim framliðna nokkurn vott þeirrar virðingar, sem þeir höfðu borið fyrir honum lifandi, buðust til að flytja líkið frá Laugarnesi til Reykjavíkur, sem þeir og gjörðu með allri þeirri reglusemi, er þeim er tíð, og viðhöfn, sem svo hátíðlegt tækifæri krefur; en þeir voru hjeðan ferðbúnir, og máttu ei bíða leingur enn þeim settar reglur höfðu tiltekið; en það virðingarmerki, sem þeir með sjerdeilis ljúfmennsku vildu sýna, þótti tilhlýða að þyggja þakksamlega, og þessvegna var útförinni hraðað, að þeir gætu á tilteknum tíma hjeðan komizt.

Þannig atvikaðist það, að eins og líf hins framliðna hafði frá barns aldri í öllum greinum verið hið sómasamlegasta allt til andlátsins í hans hán elli, svo var útförin það líka, ei einasta vegna þess sem nú er minnst á, heldur vegna þeirrar alvörugefni, er var bersýnileg á svip allra sem viðstaddir voru, og vottaði þann söknuð er allir höfðu að bera.



I.

HÚSKVEÐJA

flutt í Laugarnesi 24. Jún. 1845.

Í Jesú nafni.

Hvenær sem jeg kom að undanförnu inní þessi hús vorn allir glaðir, allt bar mjer vottinn um ánægju, jafnlyndi og rósemi; — aldrei sást, að vísu nein óstýrilát gleði, heldur vottaði til þess fagnaðar, sem frelsari vor talar um þessum orðum: þann fögnuð skal einginn af yður taka. — En, sem jeg nú kem inní þessi hin sömu húsin, mætir mjer ekkert glaðt andlit, allt er sút og harmur, allir eru drjúpir, þegjandi, alvarlegir, sorgbitnir! — Hvað veldur þessari miklu umbreytíngu?

Fyrmeir söfnuðust híngað helzt einstöku vinir og kunníngjar, eður aðkomandi menn, sem ætíð var fagnað með hinni sömu blíðu og góðsemi. — En nú hefur híngað þyrpst fjölmenni mikið, svo að húsin eru orðin full — og eru þau þó næsta mikil — og ámeðal þessara eru ekki einúngis landar vorir, heldur og útlendir menn, sem taka einlægan þátt í vorri sorg, og vilja fyrir hvern mun heiðra hana með öllu sem stendur í þeirra valdi: — Hvað veldur þessari miklu umbreytíngu?

Hinir voldugustu einsog hinir aumustu, hinir æztu eins og hinir lægstu hafa með sorg, söknuði og alvörugefni heyrt þá fregn: að landsins biskup herra Steingrímur Jónsson sje látinn. — Lík hans liggur í þessari kistu, sem hjer stendur einsog sorglegur vottur þess harms, sem ekki einúngis hefur mætt þessu húsi og ætt hins sæla herra, heldur og öllu þessu byggðarlagi, já öllu landinu.

Að vísu var hann kominn á háan aldur, svo að þessvegna þurfti eingum að koma dauði hans óvart, enn hann var þó enn sem óbeygður af árafjöldanum, einsog með æskufjöri, ljettur og liflegur bæði á sálu og líkama, svo eingan grunaði að hann mundi eiga svo skammt eptir, heldur að hann, svo hraustur maður frá æsku, mundi enn þá eiga mörg ár ólifuð — eingan sáu menn vott til hignunar, því iðjusemi hans var hin sama til hins síðasta, sama reglusemi og blíðlyndi; umgeingni og viðtal líkt því sem það ætíð hafði verið. — Þannig kom mönnum fráfall hans óvart, ekki aldursins vegna, heldur af því hvað hraustur maður hann var, og enn þá vel fær um að gegna öllum skyldum sínum; því köllun sína stundaði hann allt til dauða dags, bæði fyr og seinna, með stökustu iðjusemi og reglusemi. — Guð gaf honum ekki einúngis háan aldur, heldur og að geta unnið meðan dagurinn varaði, þángað til nóttin kom, þá einginn getur aðhafzt.

Hár aldur með góðri heilsu er dýrmæt guðs gjöf, — Guð er það sem gjörir hrumann og hraustan. — og iðjusemi er mikilsverð, en — hvort sem maður er æðri eður lægri, og hvar sem maður er settur, eru þó mannkostirnir fyrir mestu. — Uppá biskupinn sáluga mátti heimfæra þessi orð ritníngarinnar: gráar hærur eru heiðurs-kóróna, þegar þær finnast á rèttlætisins vegi. — Það játa

allir sem þekktu hann og höfðu einhver samskipti við hann, og einkum var þetta augljóst öllum þeim sem voru á heimili hans, og þekktu til hans hreytni dagsdaglega — því varla er annað sem betur vitnar um manninn enn hans daglega hegðun á heimilinu, því þar sýnir hver sig einsog hann er gjörður; og að þessu ber oss að hyggja áður enn sá sæli herra er hafinn út úr því húsi, sem hann sjálfur gekst fyrir að væri hyggt, en sem þó þáði mestan sóma og mestu prýðina af honum sjálfum, því hann hefur, að jeg taki svo til orða, sjálfur vígt og helgað húsið með hverkyns dygðum sem manninn prýða í augliti drottins, bæði einsog góður húsfaðir, blíður maki, ástríkur faðir, ættarstoð og samvitskusamur embættismaður. Að öllu leyti var hann prýði hússins og þess máttarstólpi, og það var í þessu sem öðru gæfan sem guð sæmdi hann með, að hann ekki var einsamall, heldur hafði guð gefið honum þá hjálp sem með honum var, og þau tvö voru eitt; eitt í öllu góðu, í öllum þeim dygðum sem upphyggja húsið, sem farsæla þá sem við það eru teingdir, og veita því verðskuldað álit bæði nær og fjær. — Hann hjó undir 20 ár í þessu húsi, og margan mann bar þar að, en eingin kom þángað, og einginn fór þaðan, án virðingar fyrir þeim höfðíngja, sem var ljúfur og lítillátur eins við vesæla sem volduga, sem eingan ljet hryggan frá sjer fara, heldur leitaðist við að gleðja sjerhvern sem til hans kom, einkum hvern þann, sem hann hjelt að væri harmþrúnginn. — Hann var sannur mannvinur, vildi öllum vel, vildi eingan styggja, og allt vildi hann færa til betra vegar. — Þessa urðu allir varir sem til hans komu og við hann töluðu. — Að vísu mætti fara um það mörgum og fögrum orðum, hvílíkur maður hann var á heimilinu, og hvílík prýði hann var þessa húss, en það er svo

alkunnugt, og svo hjartanlega viðurkennt bæði af nákomnum og vandalausum, að það gæti metist einsog óþarfa mælgi, enda þarf ekki orðgyllinga við, þar sem er að mæla eptir svo mikinn og vinsælan mann.

Það er ei tilgángur minn að þessu sinni, að lýsa nákvæmlega þeim sæla höfðíngja, heldur vildi jeg að eins búa oss undir það hátíðlega augnablik, sem fyrir hendi er, þá hinar jarðnesku leyfar þessa merkismanns eiga að flytjast burt úr þessu húsi, hvar hans andi hafði stjórnað svo leingi og svo vel, hvar allir þeir, sem geingu út og inn, fundu sig svo sæla við þá hugsan, að hann — blíðmennið, góðmennið og mikilmennið — væri nálægur.

Hátíðlegt er í sannleika það augnablik, þá merkilegur húsfaðir er látinn, og leyfar hans verða bornar burtu úr hans eigin húsum til að leggjast í reit hinna dánu. — Oss verður þá bilt við, og vjer verðum viðkvæmir af þeirri hugsan, að það sje nú eins og hús hans sje oss í eyði látið. — Andinn er í burtu, enn húsið stendur eptir, og oss finnst það hrörlegt, líkt og sá líkami sem vjer hefjum út, og aldrei sjáum vjer betur enn þá þann sannleika: að það er maðurinn sem tignar húsið.

Enn áður enn þetta lík verður hafið út, finnst mjer það eiga við — þar sem svo mikill maður er burtkallaður — að hjer verði eptir sú blessan, af þeim munni, sem svo opt blessaði enn bölfaði aldrei, sú blessan, segi jeg, sem ætla má svo góðum og ástríkum anda. — Að vísu bar dauða hans að bráðlega, máske fyr enn hann varði sjálfan, en opt hafði hann hugsað um hann og vel búið sig undir hann, því allt hans líf var friður, friður við guð, sjálfan sig og mennina. — Það er þá í augum uppi, að þvílíkur maður, hefur undir dauða sinn blíðlega

og með kristilegum anda kvaðt og blessað bæði heimilið og heiminn. — Jeg er ekki sjálfur svo góður, að jeg treysti mjer til að leggja honum orð í munn, enn það veit jeg, að allt sem er blíðt, elskulegt, trúfast og kristilegt liggur i þeirri kveðju, sem hann fyrst og fremst hefur sendt þeim ástkæra maka, sem með honum hafði verið í 39 ár, og hvervetna með stillíngu, skynsemi, jafnlyndi og hjartfólginni ást gjört honum lífið inndælt. — Líka veit jeg, að allt hið sama liggur í kveðju hans til ástkærs einkasonar og elskaðra stjúpbarna og allra annara ættmanna, sem hann var í öllu eins og sannur faðir og, hvað sem á lá, trúfastur og veglyndur aðstoðarmaður. Og svo mikil ást bjó honum í brjósti að jeg er viss um, að hann hefur með blíðu kvaðt alla menn, og að ekki hinn minnsti óvildarneisti hefur náð að kvikna til nokkurs manns i því hjarta, sem svo var rólegt, sáttgjarnt, umburðarsamt, og helgað af ástaranda Krists. Enn hið merkilegasta sem kveðja hans boðar, er sú uppörfun sem í henni liggur: að gleyma honum ekki. — Og vissulega mun einginn geta gleymt honum af þeim sem honum stóðu næstir, sem þekktu dygðir hans og voru sjónarvottar að eins hreinu og reglubundnu og lastvöru lífi. Enn vjer aðrir, sem stóðum fjær, en höfðum þó kynni af honum, getum ei heldur gleymt öðrum eins manni, nafn hans og minníng lifir meðal vor í blessan. Jafnvel þeir, sem honum voru ókunnugir, hafa heyrt af honum sagt, en einginn talaði um hann nema það sem gott var, og þótt hann ætti ei annað skilið, þá var það þó meðfram lán hans og hamíngja, því guð var með honum allt í frá æsku, og yfirgaf hann ei þegar hann var orðinn gamall.

Það er einsog jeg nauðugur vilji missa sjónar

á þessari líkkistu, sem geymir leyfar þess manns, sem svo verðskuldaði elsku allra og virðíngu, en jeg finn að tíminn nálgast, að jeg hætti að tala; að tíminn nálgast, að jeg lofi öðrum að auðsýna hinum framliðna þá virðíngu, sem alla lángar svo mjög til að veita honum, og færri geta notið enn vilja. — Guð varðveiti og blessi alla þá sem harma, hvort sem þeir eru fjær eða nær, hvort sem þeir eru nákomnir eður vandalausir. — Guð huggi alla þá, sem syrgja biskupinn sáluga Steingrím.

Far þú þá vel, þú drottins útvaldi þjón! með hinu heilaga krossmarki kristinna manna, sem táknar vora endurlausn fyrir Jesú Kristí dauða, vil jeg svo sem innvígja þitt hvílurúm — og svo fæ jeg það þeim í hendur, sem eiga að flytja það inní húsið drottins vors — himneski faðir! verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni — Amen.

II.

LÍKRÆÐA

flutt í Reykjavíkur dómkirkju 24. Júní. 1845.

Hæztvirðtu og heiðruðu tilheyrendur af öllum stjettum, sem hjer eruð nálægir! Náð sje með yður og friður af drottni vorum Jesú Kristi — Amen.

Það er optást venja, þar sem mæla á eptir merkismenn og höfðíngja, að þá er minnst æfi þeirra, og farið yfir merkilegustu kafla lífsins, og er með svofeldu móti gefin einsog undirstaða sú, sem menn geti byggt á dóm sinn um þann, sem reyndar er geinginn inn fyrir æðra dóm, en sem þó skilur hjer eptir minníngu sína, og er hún bundin við æfi hans.

Vjer viljum því stuttlega segja frá æfi biskupsins sál. Steingríms Jónssonar. — Hann fæddist í þenna heim að Mýrum í Skaptafellssýslu, þann 14. Ágúst 1769. Faðir hans, síra Jón Jónsson var þar prestur, og prófastur þar í sýslu, og móðir hans var *Madm.* Helga Steingrímsdóttir, bæði tvö í áliti miklu fyrir dygðir og mannkosti. — Eptir nokkra tilsögn í heimahúsum, var Steingrími komið í skóla, og var hann 2 vetur í Skálholti, þá seinustu sem þar var skólahald, og aðra 2 í Reykjavíkur skóla, hvaðan hann útskrifaðist ár

1788, 19 ára gamall, síðan var hann hjá foreldrum sínum til ársins 1790.

En nú bar það atvik við í lífi hans, er honum sjálfum var ætíð minnisstæðt, og sem í ráði guðlegrar forsjónar var það, sem lagði undirstöðuna að öllu hans komanda lífi og lífshögum, en það var það, er hinn hálærði og ágæti biskup Dr. Hannes Finnsson tók hann til sín til að þjóna á skrifstofu sinni. Þar var hann í 6 ár, og gat aldrei gleymt hversu mikið hann átti að þakka lærdómi og eptirdæmi þessa ágæta manns, sem aptur að sínu leyti fjekk ást á þeim únglíngi sem hafði hvorutveggja til að bera, hæði gáfur og siðprýði og einhverja hina beztu lund. Eptir dauða biskupsins var hann enn 4 ár í húsum ekkjunnar, og kenndi þá börnum hennar og fleirum. — Ár 1800 sigldi hann til Kaupmannahafnar, og lauk á 3 árum öllum lærdómsprófum, því embættispróf í guðfræði tók hann 1803, með bezta vitnisburði og þó heiðri að auki (laudabilis & qvidem egregie) — og munu fáir hafa leyst eins mikið af hendi og eins vel á jafnstuttum tíma. — Eptir þetta var hann 2 ár í Kaupmannahöfn, og varði hann þá tímunum til að leggja sig eptir fornfræði, einkum því, er kæmi við sögu Íslands og ættartölum, þaraðauki tókst hann fríviljuglega á hendur skrifarastörf í hinu konúnglega danska kanselii, og æfðist þar í þeim störfum sem síðan ljetu honum svo vel. — Ár 1805 var hann af konúngi kallaður til að vera Lector við skólann á Íslandi, sem þá fluttist úr Reykjavík að Bessastöðum. Stóð hann fyrir því embætti í 5 ár. — Þann 2. Júlí 1806 giptist hann ekkju biskups sál. Hannesar, og þessi afbragðs kona er nú biskups-ekkja í annað sinn; há-öldruð og veik harmar hún nú ástvin sinn eptir kristilegt og ástúðlegt hjónaband í 39 ár. — Þau

áttu einn son barna, sem nú tregar bezta föður. — Ár 1810 var þeim sæla herra allramildilegast veitt Odda prestakall, og 2 árum seinna varð hann prófastur í Ráugár-þíngi, og var hann við það embætti í 12 ár, af öllum metinn, einsog hann átti skilið, svo sem höfðíngi, mesti reglumaður í embætti sínu, og stakur dánumaður. — Árið 1823 deyði biskup Geir Vídalin, og þá var ári seinna Steingrímur prófastur Jónsson kallaður biskup, og sigldi hann sama ár, tók biskupsvígslu 2an dag Jóla, og kom svo inn aptur til landsins vorið 1825, og tók við embættinu, sem hann nú hefur stýrt í 20 ár, með hinum mesta sóma, dugnaði og reglusemi, og hefur þetta verið viðurkennt bæði nær og fjær. — Í landi þessu naut hann hvervetna elsku og virðíngar, og konúngur viðurkendi að hann væri einn af sínum duglegustu embættismönnum; þetta vottaði hann með því að veita honum heiðursmerki fleiri enn nokkur annar embættismaður hefur hlotið á Íslandi. — Ár 1828 varð hann riddari af Dannebroge, síðan Dannebrogsmaður ár 1836, og Kommandeur af Dannebr. ár 1842. Árið 1844 var hann og af Frakka-konúngi kjörinn riddari af heiðursfylkíngunni. Þannig var það af öllum viðurkennt hvílíkur maður hann var, — og einsog það var ei viðurkennt um of, svo var það þó lán hans — sem ei auðnast öllum — að það viðhjelzt einsog hann átti skilið allt til hans banadægurs. Hann dó þann 14da í þ. m. úr veikindum þeim sem hafa geingið, en sem gripu hann mjög hastarlega, því hann lá ei rúmfastur nema fáa daga. Einhver heilsubezti maður hafði hann verið alla æfi sína, og sjálfur studdi hann að því með einhverri hinni frábærustu reglusemi í öllum lifnaðarhætti. En þar sem hann var kominn á 6ta árið um sjötugt, var aldur hans orð-

inn svo hár, að ei gátu menn búizt við að lángt mundi eptir ólifað; og þó gátu menn ei annað enn vænt þess, að hann mundi enn eiga lángt eptir, er menn gættu hins, hvað hann, svo gamall maður, var ennþá líflegur, ljettur á fæti og liðugur til alls sem honum bar að gjöra; glaður og fagnaðarsæll við gesti og aðkomandi og sjerhvern sem hann tók tali, einsog úngur enn á áttræðis aldri, og jafn þennaviljugur einsog hann ætíð hafði verið; ánægður með að gánga frá einu til annars; samur við sjálfan sig hvort sem hann var heima eður heiman, í margmenni eður í einveru; ætíð blíður, jafnlyndur, hógvær. Aldrei vottaði hjá honum til sterkra sinnisliðana. Hann sýndist að hafa allar tilfinníngar á sínu valdi, og geta stjórnað þeim einsog hann vildi. Jeg hygg það sannmæli, að eingi maður hafi sjeð hann reiðast. Kunnugur maður sagði mjer, að öll þau ár sem hann var í Odda, og var hann þá á beztu árum sínum, hafi aldrei sjest að honum þætti fyrir, nema alls einusinni, og þó lítillega. — Hann var maður hinn hjartabezti, og tók sannan þátt í raunum annara; en viðkvæmni hans var samt aldrei sár eður veikluleg, svo hann gæti ei stjórnað henni einsog hverri annari tilfinníng — Hans innvortis sálarlíf sýndist ætíð rósamlegt, svo hann gat tekið hverju sem fyrirkom með stillíngu, og honum var einsog eðlilegt, í hverju máli sem var, að líta á þann bóginn sem helzt gat vakið til rólegrar og stillilegrar hugleiðíngar. — Hann leytaði aldrei hins sorglega í atburðum lífsins, heldur alls þess, sem gæti sætt hjarta mannsins við lífið og atburðina í því. — Þegar menn hyggja að öllusaman þessu: heilsu hans frá upphafi, og óhagganlegu sálarrósemi, og svo hans einstöku reglusemi í öllum lifnaðarhætti, þá furðar oss ei á því, þó hann yrði

maður gamall, en nálega fremur á því, að hann ei varð enn eldri maður.

Þegar jeg á að tala um hann einsog embættismann, þá er hann að vísu mjög svo hafinn yfir mitt lof, og kann jeg máske ei að leggja þar á áreiðanlegan dóm. — En óhætt mun mjér vera að fullyrða, að einginn embættismaður muni hafa getað verið reglubundnari í skylduverkum sínum enn hann. — Vjer getum sagt, og máske með því auðkennt að miklu líf biskupsins sáluga, að allt líf hans var reglusemi, svo mikil að ei mun auðvelt að finna marga hans líka. — Það átti ei heima hjá honum að hann væri reglumaður í sumu, hann var það í öllu. — Svo var hann það í embætti sínu einsog hverju öðru. Skrifstofunni kom hann í beztu reglu, gegndi daglega sjerhverju sem aðbar, svo aldrei safnaðist til, og við þessa reglusemi sameinaði hann óþreytandi iðjusemi, því, þótt hann væri ágætur gáfumaður, veit jeg ei hvort hann var eins fljótvirkur, einsog hann var iðinn og vandvirkur, því aldrei sást neitt eptir hann liggja sem ei væri vandað, og kvað svo mikið að þessu, að hversu sem hann átti annríkt, sá jeg aldrei svo mikið sem ílla skrifaðan bókstaf eptir hann — Hef jeg og heyrt það haft eptir ríkisráðunum að allt sem kæmi frá hans hendi væri bæði reglulegt og vel frá geingið. — En hversu mikið sem hann hafði að gjöra, þá var jafnan, ef menn komu til hans, einsog hann hefði eingu að gegna; og — þótt allir viti að á eingri skrifstofu í landinu muni vera öllu meira að rita eður gjöra, þá heyrðist hann samt aldrei minnast á, því síður kvarta yfir, að hann hefði annríki, og sýndist alltíð hafa tíma afgángs bæði fyrir kunníngja sína og aðra. — Kom þetta eflaust af iðju- og reglu-semi hans, er notaði sjerhverja stundína sem bauðst. —

En margir sóktu að Laugarnesi, og var öllum bæði æðri og lægri, tekið þar opnum höndum, og með einhverri hinni mestu gestrisni, sem, ásamt svo mörgum öðrum dygðum, prýddi líf hins ágæta höfðíngja og hans jafn-ágætu frúar. Öllu þessu var gegnt, og gegnt með alúð, og þó nógur tími til að halda öllu, sem embættið snerti, í frábærri reglu. — Bættist þó hjer á ofan búskapur og fólkshald talsvert — því biskupinum sál. var það, einsog annað, vel gefið, að hann var einhver bezti búnaður — og kom fram í því sama reglusemin, þrifnaðurinn og dugnaðurinn, svo að umgeingnin, bæði innan- og utan-bæar, var jafnan með snilli.

Einsog biskupinn sál. var reglusamur, iðinn og vandvirkur í embætti sinu og öllum störfum, svo var hann og, einsog biskupi byrjar að vera, góðsamur og friðsamur. — Jeg held honum hafi fátt gramist einsog ófriður og á fáu tekið eins hart — enda voru þess eingin dæmi að hann um daga sína ætti í ófriði við nokkurn mann, ljet hann heldur undan og sleppti af því sem hann áleit rjett sinn, enn að hann legði til deilu, jeg tala ei. um til lagaþrætu; en með þessu hjelt hann þó sínu fram meðan hann gat með góðu, og stundum með nokkru þjettlyndi, en það fannst mjer aðdáanlegt, hversu hann gat hætt í tækan tíma, svo að aldrei leiddi til óvildar eður ófriðar, þótt hann væri á annari meiníngu enn aðrir.

Einsog hann sjálfur hafði hina mestu óbeit á ófriði, svo var honum líka sönn gleði, hvar sem hann gat, að semja til friðar, og má nærri geta, þar sem svo mörg málefni hafa verið undir hann borinn um allt land, að hann með þessu, sem eingum máske er fullkunnugt einsog það var, hafi miklu góðu til vegar komið í embætti sínu. — Það var öllu

þessu samboðið, að einginn maður gat verið orðvarari enn hann, ef hann heyrði dæmt um aðra með stránglcika; þá leitaði hann jafnan þess, sem gæti miðað til málbóta, og menn heyrðu aldrei að hann tæki nokkurn mann fyrir, til að álasa eður áfella, heldur umbar hann, eptir guðs orði, breiskleika náúnga síns, og jeg get ei minnst þessa orðs: fyrirgefið svo mun yður fyrirgefið verða, án þess að hugsa til þess með viðkvæmni, að af þeim mönnum sem jeg hef þekkt, muni ei allmargir hafa svo haft þetta drottins boðorð fyrir augum sjer einsog biskupinn sálugi, sem jeg aldrei heyrði andmæla nokkrum manni, og heldur afsaka enn ásaka. — Reyndar lofaði hann ei það sem lastverðt var, en ef aðrir löstuðu, þá leitaði hann afbatana, og ef það tjáði ekki, þá hætti hann öllu umtali og ljet það mál niðurfalla svobúið.

Þessi friðsemi og góðsemi var sannarleg dygð í fari hins sæla höfðíngja, því hún var helguð og styrkt af kristilegri hugleiðíngu; en þessi dygð fann líka fyrir sjer góða jörð í hans upphaflegu lunderni, sem jeg hygg hafi verið eitthvert hið bezta sem jeg hef þekkt: — hann var ekki einúngis jafnlyndur, heldur sífeldt glaðlyndur, og svo hefur mjer verið sagt, að hann mætti valla sjá hryggan mann á heimili sínu, en ef svo bar undir, þá leitaðist hann við á allar lundir að hafa ofanaf fyrir honum og fá hann aptur glaðan; ef einhverjum vildi sinnast, svo hann yrði viðvar, þá jafnaði hann það strax með einhverju gamni eður spaugi, svo það datt niður við svobúið —, hann gekk ámilli allra einsog friðarins eingill. Einsog honum varð sjaldan misdægurt á líkamanum, svo varð honum ei heldur misdægurt á sálunni, hún var ætíð jafnlynd, glöð, róleg og stillt. Með þessu dýrmæta lundarlagi hafði hann og þann

eiginlegleika, sem er fágætur hjá jafnöldruðum manni, að hann allt til dauða síns hjelt þeim liðugleika, að geta snúið sjer frá einu til annars, hversu ólíkt sem það var innbyrðis, án þess það sýndist vera honum erfiðt eður leiðt. Jeg fer ei að tala um hvílíkur eiginnmaður hann var, faðir, stjúpi, afi, aðstoðarmaður ættar sinnar, eður húsbóndi — í öllu þessu var hann fegurst fyrirmynd, og það væri að rýra minníngu hans, að fara mörgum orðum um það, sem svo er hafið yfir mitt lof.

Þótt biskupinn sál. væri ágætur gáfumaður og iðjumaður einhver hinn mesti, ljet hann þó ei eptir sig ritgjörðir — hugur hans var hvað mest hneigður til verknaðar og starfsemi annarar — samt var hann lærður maður, og einkanlega margfróður, bæði í sögu þessa lands, og einkum í ættartölum, sem hann hafði mesta yndi af, og átti hann af þeim mikið safn, enda var hann talinn einhver ættfróðastur maður hjer á landi, síðan Espólín sýslumaður deyði; hann hafði og gaman af öllu safni, einkum því sem snerti fornöldina, eður kom við sögu landsins og gat á einhvern veg greiðt úr einhverjum vandamálum — hafði hann t. a. m. safnað miklu og skrifað upp af gömlum máldögum, og mörgu mun hann bæði sjálfur hafa safnað, og hafa eignast eptir biskup Hannes og þá feðga, er snerti Íslands sögu. Landsins kirkjusögu held jeg hann hafi, svo að segja, kunnað utanað, og eingan ætla jeg hafa verið færari um að gjöra grein fyrir því sem á liðnum tímum hefur gjörzt um hagi kirkjunnar — kom í þessu fram laungum hans til allskonar fróðleiks. — Um þetta sama vottuðu ræður hans, sem jafnan voru fróðlegar, og einkum var honum að skapi útskýríng yfir orð og meiníngu biblíunnar. — Það þótti til afbrygða hvernig hann spurði börn, og lá

honum það, einsog vonlegt var, ætíð mjög svo á hjarta, því þetta er bæði mikilsverðt, vandasamt og mjög áríðanda atriði í prestsembættinu.

Nú þótt þessi lýsíng hafi máske tekizt miður enn skyldi, þá veit jeg samt að jeg vildi ei hafa annað fyrir augum mjer enn sannleikann, og jeg vona að ímynd þessa vors merkilega biskups komi þannig hrein og óspjölluð til þeirra sem ei þekktu hann, en hinir sem hann þekktu munu til vitnisburðar um, að hjer er ekkert orð oflhermt — það er hið fagra og ódauðlega við minníngu hans að hún lofar sig sjálf.

En þótt mjer væri nú innanhandar, að vera fjölorðari um þenna ágæta mann, þá vil jeg ei sýna fordild neina með því að viðhafa meiri orðafjölda enn minnst má vera, þar sem svo miklu máli er að sæta — Og því vil jeg hjer staðar nema.

Þó get jeg ei skilist svo við þenna atburð, sem bæði mjer og öðrum er svo minnisstæður og viðkvæmur, að jeg einúngis snúi augum mínum til þessarar líkkistu, til föðurlandsins, til jarðarinnar og hennar hörmúnga; mjer er það ósjálfráðt, að jeg einnig við þetta tækifæri verð að líta upp fyrir mig, upp til hans sem ræður mannlegu hlutfalli; og jeg þakka það þá af einlægu hjarta guði mínum, sem ekki sviptir þetta land heldur enn önnur sinni varðveizlu, að hann um svo lángan tíma hefur gefið oss eins gott yfirvald, samt að hann af náð sinni gaf honum þrek og krapt fram í andlátið til að standa í þeim sporum, sem bezt mundu sæma öðrum eins manni, því hann dó sem úngur þótt hann væri gamall. Guði sje lof fyrir líf hans, og líka fyrir dauða hans — því hann lifði einsog hann dó, og deyði einsog hann lifði, svo sem trúlyndur drottins þjón, með hinni sömu rósemi og sálarfriði sem hafði fylgt honum alla hans daga, og

jeg get valla á mjer setið, að minnast þess orðs, sem hann undir dauðann sagði við lækninum, sem spurði hann hvernig honum liði, en hann svaraði: „Jeg lifi sem blóm í eggi“ — Já, hann lifði einsog blóm fyrir eilífðina, og hann vissi og trúði að eggið mundi brotna, en að af því mundi koma nýtt líf — og þó svo sýndist að hann mælti þessum orðum af nokkurskonar óráði, þá er sú ætlun mín, að hann hafi mælt þau af kennimannlegum anda, af trúuðu hjarta, en þó með því glaðlyndi, sem dauðinn og sú þjáníng sem honum fylgir gat ei slitið úr svo hreinu og rólegu brjósti. Einsog guð hafði blessað líf hans svo blessaði hann og dauða hans — svo hann skildi við heiminn einsog sigurvegari; ekki reyndar einsog sá, er geingi í berhögg við heiminn, heldur einsog sá, er sigraði alla mótspyrnu með blíðlyndi og með því að spyrna ei móti broddunum, en hvervetna að sigra sjálfan sig, og um leið heiminn — því það sannast jafnan, að „sá sem stjórnar geði sínu er betri enn sá sem yfirvinnur borgir“, og að sá sem getur haft stjórn á sjálfum sjer, getur líka, sem optast, sigrað aðra, sigrað heiminn — því andinn er falinn innvortis með hverjum sem einum, og hann er það sem sigurinn getur öðlazt. — Vjer höfum hálegt tilefni til, og gjörum það af hjarta, að lofa guð fyrir líf þessa ágæta manns, sem embættum hafði þjónað meðal vor í 40 ár, með þeim sóma og dugnaði sem var jafn til dauðadags; og þó allir viðurkenni þetta, þá er þó líklegt að það bæði sje og verði hvað leingst minnistæðt andlegrar stjettar mönnum, sem, þar sem hann var, áttu biskup, einsog biskupi byrjar að vera — og söknuður eptir hann er því mikill um allt þetta land; og svo sem vjer tignum hjer útför hans með harmi vorum, svo munu ei síður margir, sem búa á útkjálkum lands þessa,

verða sorgbitnir, er þeir frjetta lát þessa vors góða, merkilega og elskaða biskups. Þótt guð setti hann hjer yfir mikið, þá er hann þó nú búinn að setja hann yfir meira, og hann er genginn til þess staðar, hvar allir drottins trúlynda þjónar, í einn samfjelagi heilagra, munu eilíflega þjóna frammi fyrir guði, og gánga frá einni dýrð til annarar.

Þegar vjer nú virðum fyrir oss hans elskulega, reglubundna, iðjusama, uppbyggilega, lánga, merkilega og sannkristilega líf, þá látum oss sagt, að geyma minníngu hans í þakklátum hjörtum; enda mun hún ekki deyja hjá oss, börnum vorum eður afkomendum, heldur mun saga lands þessa ætíð með virðingu telja Steingrím Jónsson meðal hinna ágætustu landsins biskupa.

Hátíðlegt er það augnablik, þá þvílíkir menn skilja við heiminn; þá þeirra jarðnesku leifar verða lagðar í jarðarinnar móðurskaut. En þeir sem harma þá, munu huggaðir verða, því eingin huggun gefst meiri eður merkilegri enn sú, sem bundin er við lángt, uppbyggilegt og heiðarlegt líf — og þessa huggun hafa allir sem nú trega vorn sæla biskup.

Kirkjunnar ypparsti prestur og sá sami biskup sálna vorra, Jesús Kristur, hefur nú meðtekið hann í sitt samfjelag, og „fullkomlega rjettlátir andar“ hafa nú fagnað honum í hinni himnesku Jerúsalem; en vjer, sem húum enn þá í dimmum dal og dauðans skugga, mænum eptir honum grátnum augum, en viljum þó minnast skyldu vorrar við hinar dýrmætu leifar, og með ímynd hans fagra lífs fyrir augum oss, viljum vjer nú gánga veginn til grafarinnar, til að sjá hvar og hvernig hann verður lagður — Og vjer viljum að endingu heimfæra þessi orð uppá hinn sáluga: jeg hef barizt góðri baráttu, fullkomnað

skeiðið, varðveitt trúna — að síðustu er mjer afsíðis lögð kóróna rjettlætisins, hverja drottinn, sá hinn rjettláti dómari, mun gefa mjer á þeim degi. Og meðan vjer fylgjum honum til grafarinnar, viljum vjer biðja guð þess, að vjer megum, þegar þar að kemur, leggjast í gröf vora eins vel viðbúnir og hann var. — Hann var rjettlátur, þessvegna mun minníng hans blífa í blessun; hann var trúr, þessvegna mun hann verða settur yfir mikið; hann var þreyttur, þessvegna hefur hann nú fundið hvíld — Amen.

III.

Minníngarljóð.



Hjer geymist jörðinni sitt,
himninum fjekk sitt, þ. 14. júní 1845,
af biskupi
STEINGRÍMI JÓNSSYNI,
sem fæddist 14. ágúst 1769,
varð biskup 12. maí 1824;
hafði áður verið, frá 1805,
fyrst Lector í guðfræði,
svo prestur og prófastur.
Hann giptist 2. júlí 1806
ekkju Hannesar biskups Finnssonar,
VALGERÐI JÓNSDÓTTUR,
eignaðist með henni einn son,
en var eins faðir hennar fjögra barna og barnabarna
sem síns einkasonar og hans barna.

Æskuár þess framliðna
gáfu öllum mikla von,
reyndin varð samt enn meiri.
Heiðursmerki veittust ríkuglega.
Með dugnaði, manngæzku, ljúfmennsku

ávann hann sjer hjörtu allra manna.
Þegar góðs og mikils manns er getið,
skal hans ætíð minnst verða.
Söknuður landsins er mikill og sár,
þó ellin væri komin;
því hún var ekki einasta sómasamleg,
heldur styrkari enn sumra manna æska.

Minning rjettlátra blífur í blessan.

Á. Helgason.

H. S. E.
Vir immortalis memoriæ
STEINGRIMUS JONÆUS,
natus 14. Aug. 1769, den. 14. Jun. 1845,
publicis muneribus in patria per annos quadraginta functus,
in his per unum et viginti
Episcopus Islandiæ dignissimus et vigilantissimus.
Vir ingenio, doctrina, animi moderatione et constantia præclarus,
officii diligentissimus,
in muneribus obeundis dexterrimus,
a Rege nostro Augustissimo et Clementissimo
Ordinis Dannebrogici cruce aurea et argentea ornatus,
ejusdemque Ordinis Præfecti honore insignitus,
a Potentissimo Rege Francogallorum,
Ludovico Philippo,
Eqvitis Legionis Honorariæ titulo et insigni cohonestatus.
Qui singulari comitate, humanitate et benevolentia
omnium hominum, quotquot eum adire contigisset,

summorum, infimorum, civium, exterorum, animos et amorem sibi conciliavit ac devinxit. Non magis suis, quam patriæ, quam omnibus, qui imaginem honesti et decori animo conceptam habent, desideratissimus.

Ignea mens quantum valeat, facundia quantum
possit, vis patriæ quanta in amore siet,
hoc alii videant. Hic, quam sit amabile virtus
testatum nobis oreque reque dedit.

S. Egilssonius.

Sama grafskript á íslenzku útlögð:

Hjer er jarðaður
maður ódauðlegrar endurminningar
STEINGRÍMUR JÓNSSON
fæddur 14. ágúst 1769, dáinn 14. jún. 1845.
Hann sat að embættum í sínu föðurlandi 40 ár,
21 af þeim var hann
Íslands verðugasti og alúðlegasti biskup.
Maður að gáfum, lærdómi, stillingu og stað-
festu mjög frægur.
Hann vandaði sem bezt mátti sitt embætti,
var hinn laglegasti við verk sinnar köllunar.
Konúngur vor sæmdi hann
gull- og silfur-krossi dannebrogorðunnar,
gjörði hann og Commandeur sömu orðu.
Frakka konúngur bætti þeirri sæmd við
að gjöra hann heiðursflokksins riddara.
Hann var sá maður, er ávann sjer og batt sjer
allra hjörtu og ást þeirra, sem hans fund feingu,
hárra og lágra, innlendra og útlendra,

með staklegri blíðu, mannúðlegleika og góðvild.
Hans sakna ei meir nákomnir,
heldurenn föðurlandið og allir,
er hafa skyn á því, sem er heiðarlegt og
sómasamlegt.

Aðrir líti á það, hversu mikið fjörug sál megni
og mikil málsnild, hvílíkur máttur sje í föðurlandsást.
Þessi gaf oss í orði og verki
vott þess, hvað dygðin er elskuverð.

Annar maður hefur snúið latínu versum þeim, sem hjer eru á undan, á þessa leið:

Eldfjörg hverju óðsmennt valdi,
ör málsnild hve mikið gildi,
styrk föðurlands ást hvað orki,
aðrir þetta sjái' að rjettu.
En þessi ástsæl hve mæt hnossin?
hreinust dygðin gerst að reynist,
oss fekk sýnd með ítri vissu
í orði og verki dýrust merki.

X.

Saknaðarljóð

eptir

STEINGRÍM biskup JÓNSSON.

Loks hin er leingi kveið,
lundsárust harmafregn,
óvart að eyrum reið;
ört brjóst og hjarta gegn,
biskups lát Steingríms bezta
heitast örfandi hvarma regn.

Eins mörgum og samber
að hann, sár hrygðarljóð,
yrkja, svo fáum er
óðsnild ljent þau svo góð
gjöra sem verðugt væri;
Ísa þó gersta leiti lóð.

Allt hvað fyr' loflegt er
ágætt og gott með sann,
umkveðið einhvern hjer
umsjónar - kristni - mann,
— í hegðan, lærdóm', lífi —
bezt vissi jeg uppá hlýða-hann.

Oflof þrátt ímsum veitt,
ei kann stað finna hjer;
um hann alls naumast neitt
nokkrum svo lofsverðt er,
unnt kveða að oflof irði;
þessum með sanni betur enn ber.

Sá honum sannast frá
segir, -er kann það bezt;
hvar því mun hittast sá,
hann við er fulljafnist?
— þó guð margan góðan eigi —
algjör jafnoki seint hans sjest.

Meðan um byggða ból,
breiðir út þessa lands,
ilgeisla signuð sól,
sannlofsæl minníng hans
þakklátri' í blessun blíðust,
hvers góðs mun lifa' í hjarta manns.

Dygð og sannleikur meðan manna
maklegan góðra lofprís fá,
guðs meðan spekin sjer hið sama,
og sannleika hefur mætur á,
lifir í blessun lofstír þinn!
lofsælstur Íslands biskupinn.

Vegsamist guð! er vel og leingi,
valmennis dýrsta' að njóta gaf;
oss biðjum: beztur aptur feingi
alvaldur slíkan hjálparstaf.
Guðs ást því fyr er gaf oss þann,
gefa enn hans líka vill ef kann.

X.

STEINGRÍMUR biskup JÓNSSON

1.

Rendu farmóði
ferðamaður
aðgætum auga
að unnum blám
dröfn hvar dimmrödduð
dæsir þúngan
og harma ljóð
við hauðrið kveður.

2.

Stendur þar steinhús
á ströndu grænni,
einmana og auðkendt
frá öðrum bygðum,
þakin er bust þess
þoku mekki,
renna af súð ofan
svita lækir.

3.

Reistar standa rúnir
roða dreira
og harma fregu
að hjarta bera
brátt er hinn blíði
biskup horfinn
Steingrímur Jónsson
stýrir friðar.

4.

Sú er sorg þýngst
er sögð er eingum
og byrði ljettbærust

er bera margir —
sárt er böl þetta
og særir alla
auðga sem vesla
á Ísalandi.

5.

Dulinn er jeg þess
hvert dánumaður
hafi nokkur
harmaðri verið,
ofþúng væri byrðin
einum manni
því allir fá naumast
undir staðið.

6.

Því að hauðri líuje
höfðíngi mikill
er sjer jafnoka
átti fáa,
frægur að fróðleik,
fyrirmynd allra
að gestrisni, stillíngu
og göfnglyndi.

7.

Eins var árveknin
óþreytandi,
sístöðug rækt
og reglusemi,
því er at undur
þótt ektamaki,
vinir og náúngar
væti hvarma.

8.

Hrellir oss helgustur,
er úr hjarta þínu
blíðan anda
í burtu nam.
þó skal böl bæta
hin bezta von:
að finnumst heilir
á fegins landi.

G. Torfason.


Lbs - Íslandssafn
100438953 - 5

